

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Mýrasýslu 1998-2010, hverfisverndarsvæði 1, Borgarbyggð.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. febrúar 2002 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Mýrasýslu 1998-2010 frá 23. maí 2000.

Um er að ræða breytingar á texta greinargerðar svæðisskipulagsins á svæði sem merkt er hverfisvernd 1. Breytingin felst í því að felld er niður skilyrði um að umrætt svæði sé deiliskipulagt sem ein heild.

Greinargerðin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Borgarbyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 20. febrúar 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.